

Aðalfundur Dvalarheimilis aldraðra sf. í Þingeyjarsýslum

Aðalfundur Dvalarheimilis aldraðra sf. í Þingeyjarsýslum var haldinn miðvikudaginn 22. júní 2016 kl. 14:00 í húsnæði félagsins, Vallholtsvegi 17, Húsavík (salur í Miðhvammi) samkvæmt ákvörðun stjórnar þann 23. maí 2016.

Friðrik Sigurðsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Því næst lagði hann til að Kristján Þór yrði skipaður fundarstjóri, var það samþykkt samhljóða og tók hann við stjórn fundarins. Því næst var Snæbjörn Sigurðarson skipaður ritari.

Fundarstjóri kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins og svo var ekki.

Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf

- a) skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi liðins árs
Friðrik Sigurðsson kynnti skýrslu stjórnar.

Jón Helgi Björnsson kynnti skýrslu framkvæmdastjóra.

- b) ársreikningar ásamt skýrslu endurskoðanda
Jón Helgi Björnsson kynnti ársreikning dvalarheimilisins. Þar kom m.a. eftirfarandi fram:

Rekstrarreikningur

Tekjur	397.777.189,-
Gjöld	-438.889.495,-
Afskriftir	-17.267.908,-
<u>Fjármunagjöld</u>	<u>-13.938.720,-</u>
Afkoma ársins	-72.318.934,-

Efnahagsreikningur

Fastafjármunir	456.304.471,-
<u>Veltufjármunir</u>	<u>65.093.633,-</u>
Eignir samtals	521.398.104,-

Eigið fé	-97.612.874,-
<u>Skuldir</u>	<u>619.010.978,-</u>
Samtals eigið fé og skuldir	521.398.104,-

Sjóðstreymi

Handbært fé til rekstrar	23.242.609,-
Handbært fé í árslok	2.984.867,-

c) fjárhagsáætlun 2016

Jón Helgi fór yfir fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.

Að loknum umræðum voru ársreikningur og fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

d) kosning stjórnar og varastjórnar

Eftirfarandi tillögur að stjórn var lagðar fram og samþykktar samhljóða:

Formaður: Kristján Þór Magnússon

Stjórn:

Kristján Þór Magnússon, Gunnlaugur Aðalbjarnarson og Erna Björnsdóttir frá Norðurþingi, Arnór Benónýsson frá Þingeyjarsveit, Sigurður Böðvarsson frá Skútustaðahreppi og Steinþór Heiðarsson frá Tjörneshreppi.

Varastjórn:

Trausti Aðalsteinsson, Gunnlaugur Stefánsson og Olga Gísladóttir frá Norðurþingi, Dagbjört Jónsdóttir frá Þingeyjarsveit, Jón Óskar Pétursson frá Skútustaðahreppi og Smári Kárason frá Tjörneshreppi.

e) kosning eins löggilts endurskoðanda og endurskoðunarfélags

Tillaga um Rúnar Bjarnason og PWC lögð fram. Samþykkt samhljóða.

f) ákvörðun um laun stjórnarmanna og endurskoðanda


Tillaga um óbreytt fyrirkomulag. Samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál löglega fram borinn

Engin önnur mál borin upp.

Fundi slitið kl. 14:45.

Fundarritari: Snæbjörn Sigurðarson



The image shows three handwritten signatures in black ink. The top signature is the most legible and appears to be 'Snæbjörn Sigurðarson'. Below it are two more signatures, one of which is partially obscured by a horizontal line. The bottom signature is a stylized, cursive signature.